



**100. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 9. apríl 2024
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Einar Freyr Guðmundsson varamaður, Alda Ósk Harðardóttir varamaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermansdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjörin

Áheyrnafulltrúar leikskóla, Heiðís Ragnarsdóttir, Soffía S. Jónasdóttir og Sigríður Alda Ómarsdóttir sátu 1-5 liði. Áheyrnarfulltrúar grunnskóla, Kristín Guðlaug Magnúsdóttir og Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir sátu 3-5 lið.

Dagskrá:

1. 202302197 - Betri vinnutími í leikskólum Múlapings

Málið áfram í vinnslu.

2. 202404014 - Úthlutun leikskólaplásska skólaárið 2024-2025

Fyrir fundinum liggja upplýsingar um umsóknir og úthlutun á leikskólaplássum fyrir skólaárið 2024 - 2025.

Lagt fram til kynningar.

3. 202402238 - Veganfæði, erindi frá foreldrum

Erindi um veganfæði í leik- og grunnskólum í Múlapingi var tekið fyrir á fundi fjölskylduráðs 5. mars 2024. Á fundinum var fræðslustjóra falið að afla gagna um umfang þess að bjóða upp á grænkerafæði.

Í einhverjum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins er boðið upp á grænkerag- og/eða grænmetisfæði. Fjölskylduráð telur ekki unnt vegna umfangs starfsemi mótuneytis Egilsstaðaskóla að bjóða upp á grænkerafæði þar að svo stöddu.

Samþykkt með handauppréttingu en einn var á móti (GBH).

Guðmundur B. Hafþórsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Sú hugmynd að prófa til eins árs að bjóða upp á grænkerafæði í leikskólum á Héraði hugnast mér betur en að loka á málið alveg að svo stöddu. Ég styð því ekki niðurstöðu ráðsins.



- 4. 202401082 - Gjöld vegna fæðis og frístundaþjónustu í skólum Múlapings**
Málið áfram í vinnslu.

5. 202403185 - Bréf um hljóðvist í skólum

Fyrir liggur bréf frá umboðsmanni barna, dagsett 18. mars 2024. Í bréfinu er skorað á sveitarfélög landsins að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum.

Fjölskylduráð tekur undir með umboðsmanni barna um að mikilvægt sé að huga vel að hljóðvist í skólaumhverfinu enda hefur hún haft áhrif á heilsu barna og starfsfólks. Forstöðufólk stofnana er hvatt til að fylgjast með hljóðvist í öllum rýmum í tengslum við vinnuvernd.

Lagt fram til kynningar.

6. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

